

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Fiskalón, Ölfusi



Dags eftirlits	1.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fiskalóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðar Ólason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávík kom fram við eftirlitið er varða ársyfirlit, skil á grænu bókhaldi og niðurstöðum sýnatöku.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir áhættumat ársins 2021 og flokkar áhættumatsins vegna ársins 2022 kynntar. Þegar eftirlitið fór fram var hámarks lífmassi í stöðinni. Framleiðsla ársins 2021 var samkvæmt grænu bókhaldi tæp 107 tonn. Lífmassi fór aldrei yfir 100 tonn á árinu.

Rætt var um að til staðar skuli vera umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Skv. gr. 3.10 í starfsleyfi skal rekstraraðili útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs, vinna samkvæmt henni og uppfæra ef þörf er á. Í eftirliti kom fram að breyting væri á meðhöndlun úrgangs og þarf því að skila inn uppfærðri áætlun samkvæmt því. Áætlun hefur verið skilað til stofnunarinnar.

Hreinsiefni og spilliefni eru í brúsum í efnageymslu. Öryggisblöð voru til staðar Framkvæmdir eru við byggingu eldskerja og því efni og byggingaúrgangur á lóð. Rekstraraðila er bent á að snyrtilegt skuli vera á athafnarsvæði og ganga þurfi vel um.

Við athugun á niðurstöðum mælinga frá því 22.09 s.l. kemur í ljós að enn virðast mæligildi vera hærri eftir hreinsun en fyrir eins og rætt var um í eftirliti á síðasta ári. Þetta bendir til þess að ekki sé rétt staðið að sýnatökum/mælingum eða að hreinsunarbúnaður virki ekki eins og til er ætlast. Í grein 3.5 í starfsleyfi kemur m.a. fram að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns.

Telur stofnunin að fara þurfi yfir ferla sýnatöku/mælinga og yfirfara hreinsibúnað til að finna út hvað veldur þessum mæligildum.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti skal skila inn fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti 2021 var skilað inn 3. maí s.l. Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga síðastliðins árs. Í ársskýrslu kemur ranglega fram að mælingar eigi ekki við og niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru árið 2021
gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.	Skila skal grænu bókahaldi fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst án undirskriftar stjórnar 3. maí 2021.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Við athugun á niðurstöðum mælinga frá því 22.09 s.l. kemur í ljós að enn virðast mæligildi vera hærri eftir hreinsun en fyrir. Í grein 3.5 í starfsleyfi kemur m.a. fram að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns.

ÁBENDINGAR

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.11.2022

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

